1

# NÝLIÐAFRÆÐSLA Í SKIPUM

## FRÆÐSLA OG LEIÐBEININGAR

### HVER ER NÝLIÐI TIL SJÓS?



Sá sem fer í fyrsta skipti til sjós.

Skipverji sem tekur við starfi sem hann hefur ekki sinnt áður um borð í skipinu.

Vanur sjómaður sem ræður sig til starfa á skipi sem hann hefur ekki verið á áður.

### FRÆÐSLA ÞARF AÐ MIÐAST VIÐ AÐSTÆÐUR UM BORÐ Í SKIPINU



Þegar nýr starfsmaður kemur til starfa þarf eftir fremsta megni að kynna fyrir honum þær starfs- og umgengnisreglur sem gilda á staðnum.

Sýna þarf réttu vinnubrögðin til að koma í veg fyrir skaða.

Kynna þarf merkingu og tilgang neyðar-viðvörunarhljóða ef neyðarástand skapast. Mikilvægt er að halda æfingar þegar nýliðar hefja störf og samhæfa þannig alla áhöfnina.

Áður en skip lætur úr höfn skal kynna fyrir nýliða staðsetningu og notkun björgunar-, eldvarnar- og öryggisbúnaðar skipsins.

Sýna þarf neyðarútganga, eldvarnarhurðir, brunaspjöld, slökkvitæki, björgunarför, björgunarbúninga, björgunarvesti, neyðarstöðvanir fyrir eldsneytisdælur og loftræstingu og hraðlokun eldsneytislagna. Benda skal á hvar neyðarbúnaður er staðsettur í skipinu.

Leggja skal áherslu á að nýliði kynni sér þjálfunarhandbækur skipsins.

### DÆMI UM GÁTLISTA FYRIR NÝLIÐAFRÆÐSLU

- Ráðningarsamningur og upplýsingar um slysatryggingu skipverja
- Öryggisfræðsla í Slysavarnaskóla sjómanna
- Vinnufatnaður, skóbúnaður, rúmföt o.þ.h.
- Tilhögun íbúða og borðsalar
- Kynning á öryggisbúnaði og notkun
- Kynning á neyðaráætlun, öryggisplani og neyðarviðvörunarhljóðum




Teikningar: JListó

FRÆÐSLA OG LEIÐBEININGAR FYRIR NÝLIÐA Í SKIPUM

10/2017

Samgöngustofa

# NÝLIÐAFRÆÐSLA Í SKIPUM

2

FRÆÐSLA OG LEIÐBEININGAR FYRIR NÝLIÐA Í SKIPUM

- Kynning á björgunarbúnaði og notkun:
    1. Björgunarfleka, lífbáta og léttbáta
    2. Björgunarbúninga og björgunarvesta
    3. Neyðartalstöðva
    4. Neyðarsenda og ratsjár-/AISsvara
    5. Neyðarblysa og -flugelda




- Kynning á eldvarnarbúnaði og notkun:
    1. Handslökkvitækja
    2. Brunaboða
    3. Brunaslanga og stúta
    4. Fasts slökkvibúnaðar
    5. Slökkvibúninga (reykköfunartæki, hlífðarfatnaður o.fl.)
- Neyðarútgangar
- Kynning á vélum, tækjum og búnaði á vinnusvæðum
- Neyðarstöðvun véla og tækja
- Hætta vegna starfa um borð
- Hætta vegna hálku
- Vinnureglur, umgengnisreglur og góðar starfsvenjur
- Hugtök (sjómannamálið) sem eru notuð um borð í skipinu
- Kynning á fræðsluefni um öryggismál skipsins
- Kynning á áhættumati skipsins



## STAÐFESTA ÞARF AÐ NÝLIÐAFRÆÐSLA HAFI ÁTT SÉR STAÐ

- Í dagbók skips
- Í þjálfunarhandbók skipverja

## OPINBERT EFTIRLIT MEÐ NÝLIÐAFRÆÐSLU

### Samgöngustofa:

- Aðal- og skyndiskoðanir.
- Hafnarríkiseftirlit.

### Landhelgisgæsla Íslands:

- Skyndiskoðanir á hafi úti.

Teikningar: JJListó

Samgöngustofa

10/2017